

REGLUR

LANDSBRÉFA UM VIÐSKIPTI MEÐ FJÁRMÁLAGERNINGA

Tilgangur

1. gr.

Tilgangur reglnanna er að stuðla að því að Landsbréf starfi í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í viðskiptum með fjármálagerninga, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Þá er tilgangur reglnanna að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Landsbréfa og draga úr hættu á að þeir sem reglurnar taka til tengist einstökum úrlausnarefnum með þeim hætti að fyrirfram megji draga í efa óhlutdrægni þeirra við meðferð og afgreiðslu mála.

Framkvæmdastjóri og starfsfólk Landsbréfa skulu kappkosta að ýrustru hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt í verðbréfiðskiptum og að fullur trúnaður ríki gagnvart þeim, að fyllsta trúverðugleika félagsins sé gætt og að tryggt sé að verðbréfiðskipti þeirra aðila sem reglur þessar taka til stangist ekki á við ákvæði laga og reglna um meðferð innherjaupplýsinga.

Besta markaðsframkvæmd

2. gr.

Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla skulu Landsbréf leita allra leiða til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkinda til þess að af viðskiptunum verði, umfangs, eðlis og annarra þátta sem máli skipta. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.

Landsbréf hafa sett sér stefnu og verklagsreglur um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og bestu framkvæmd sem skal vera aðgengileg viðskiptavinum á vef Landsbréfa og skulu viðskiptavinir samþykka hana við upphaf viðskiptasambands.

Landsbréf skulu fylgjast með skilvirkni við framkvæmd viðskiptafyrirmæla og verklagsreglna til að geta greint galla og gert endurbætur ef tilefni er til. Meta skal reglulega hvort þeir markaðir sem reglurnar gera ráð fyrir að nýttir verði til að framkvæma fyrirmæli séu fallnir til að leiða til hagstæðustu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum.

Landsbréf skulu geta sýnt fram á það að fyrirmæli viðskiptavinar hafi verið framkvæmd í samræmi við stefnu félagsins um bestu markaðsframkvæmd.

Meðferð innherjaupplýsinga

3. gr.

Með innherjaupplýsingum er átt við nægjanlega tilgreindar upplýsingar sem ekki hafa verið gerðar opinberar og varða beint eða óbeint útgefendur fjármálagerninga, fjármálagerningana sjálfa eða önnur atriði og eru líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð fjármálagerninganna ef opinberar væru. Tilkynningar til Nasdaq OMX hf. eða annarra skipulegra verðbréfamarkaða teljast opinberar upplýsingar þegar þeim hefur verið miðlað þaðan. Aðrar upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með opinberum og viðurkenndum hætti.

Þeim aðilum sem reglur þessar taka til og hafa aðgang að innherjaupplýsingum er óheimilt að:

- afla eða ráðstafa fjármálagerningum með beinum eða óbeinum hætti, fyrir eigin reikning eða annarra, búi þeir yfir innherjaupplýsingum;
- láta þriðja aðila innherjaupplýsingar í té nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldu þess sem upplýsingarnar veitir eða
- ráðleggja þriðja aðila á grundvelli innherjaupplýsinga að afla fjármálagerninga eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með fjármálagerningana.

Landsbréfum og starfsfólki þeirra er óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti hafi þau vitneskju eða grun um að víðskiptin brjóti í bága við ákvæði greinar þessarar eða lög um verðbréfavíðskipti að öðru leyti.

Telji starfsfólk sig hafa undir höndum innherjaupplýsingar um útgefendur fjármálagerninga skal viðkomandi tilkynna það til regluvarðar sem heldur skrá yfir þá aðila sem hafa slíkar upplýsingar undir höndum.

Um markaðspreifingar gilda sérstakar reglur Landsbréfa sem settar hafa verið til að tryggja trausta umgjörð um þau tilvik þegar markaðspreifingum er beint til Landsbréfa.

Markaðsmisnotkun

4. gr.

Markaðsmisnotkun er óheimil lögum samkvæmt. Með markaðsmisnotkun er átt við:

- 1) Að eiga víðskipti eða gera tilboð sem:
 - a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verðfjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða
 - b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti víðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að víðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði.
- 2) Að eiga víðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku.
- 3) Að dreifa upplýsingum, fréttum eða orðrómi sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi upplýsingar eða vísbendingar um fjármálagerninga, enda hafi sá sem dreifði upplýsingunum vitað eða mátt vita að upplýsingarnar voru rangar eða misvísandi.

Tilkynning um meint brot

5. gr.

Vakni grunur hjá starfsfólki um brot gegn ákvæðum um innherjasvik eða markaðsmisnotkun skal viðkomandi þegar í stað tilkynna það til regluvarðar eða framkvæmdastjóra sem gera skal regluverði viðvart um meint brot án tafar. Landsbréfum er skylt að tilkynna slíkan grun þegar í stað til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands en starfsfólki er það einnig heimilt. Starfsfólk sem sendir tilkynningu um meint brot í góðri trú skal aldrei sæta viðurlögum af hálfu félagsins vegna slíkrar tilkynningar.

Senda skal Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands eftirfarandi upplýsingar:

- 1) Lýsingu á víðskiptum, þ.m.t. um hverskonar fyrirmæli er að ræða, gerð tilboða og tegund markaðar;
- 2) ástæður fyrir grun starfsfólks Landsbréfa um að víðskipti geti talist til markaðssvika;
- 3) auðkenni á aðila sem víðskipti fara fram fyrir og öðrum hlutaðeigandi aðilum að málinu.;
- 4) hvaða stöðu sá aðili sem tilkynning lýtur að hefur og
- 5) allar aðrar upplýsingar sem kunna að skipta máli við athugun á víðskiptunum.

Óheimilt er að upplýsa víðskiptavin eða annan utanaðkomandi aðila um að Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands hafi verið veittar upplýsingarnar samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Vistun víðskiptafyrirmæla

6. gr.

Öll samskipti starfsfólks við víðskiptavini í tengslum við víðskipti með fjármálagerninga skulu vera rekjanleg og fara fram gegnum tölvupóst eða öðrum samskiptalausnum sem samþykkt hefur verið að taka í notkun. Sá aðili sem er í samskiptum við víðskiptavin vegna víðskipta með fjármálagerninga ber ábyrgð á því að víðskiptafyrirmæli séu skráð með ofangreindum hætti.

Í samskiptum við viðskiptavini augliti til auglitis skal rita fundargerð eða minnispunkta sem skal skjala með viðeigandi hætti til að tryggja rekjanleika viðskiptafyrirmæla. Í fundargerðum skal eftirfarandi koma fram:

- 1) dagsetning, tímasetning og staðsetning fundar;
- 2) nöfn þeirra aðila sem sátu fund;
- 3) upplýsingar um hver hafði frumkvæði að fundi og
- 4) viðeigandi upplýsingar um viðskipti eða fyrirhuguð viðskipti, þ. á m. verð, magn, hvers kyns viðskipti um er að ræða og hvenær þau eigi sér stað.

Öll gögn sem innihalda upplýsingar um viðskipti viðskiptavina og framkvæmd þeirra eru vistuð hjá félaginu í fimm ár hið minnsta.

Flokkun fjárfesta

7. gr.

Landsbréf útvista að mestu sölu sjóða í rekstri félagsins til Landsbankans. Landsbankinn ber því ábyrgð á flokkun hlutdeildarskírteinishafa sem Landsbankinn annast sölu til og skal sjá um að tilkynna þeim um stöðu þeirra, rétt til að falla í annan flokk og hver réttaráhrif þess eru. Ef Landsbréf sjá sjálf um sölu skulu þau annast þessar tilkynningar og flokkun. Sömu aðilar skulu með sama hætti gæta þess að fullnægt sé þeim skyldum sem á þeim hvíla samkvæmt reglum Landsbréfa um aðgerðir gegn peningapvætti.

Þeir sem eiga viðskipti með fagfjárfestasjóði Landsbréfa skulu vera flokkaðir sem fagfjárfestar eða viðurkenndir gagnaðilar. Ef Landsbréf gera samning um eignastýringu eða fjárfestingaráðgjöf skulu Landsbréf sjá til þess að flokkun viðskiptavinar fari fram.

Verðbréfavíðskipti starfsfólks og stjórnar Landsbréfa

8. gr.

Auk þeirra kvaða sem settar eru í reglum þessum hefur stjórn Landsbréfa sett sérstakar reglur um víðskipti starfsfólks og stjórnar Landsbréfa með fjármálagerninga.

Starfsfólki er óheimilt að eiga víðskipti fyrir eigin reikning á undan sjóðum í rekstri Landsbréfa ef áður hefur legið fyrir beiðni um víðskipti af hálfu víðskiptavinar eða sjóðstjóra.

Starfsfólki er óheimilt að eiga víðskipti með fjármálagerninga ef víðkomandi veit að víðskiptin muni hafa neikvæð áhrif eða eru líkleg til að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni víðskiptavina Landsbréfa eða sjóða í rekstri félagsins.

Taki vinna til fjárfestingaráðgjafar, þ.m.t. undirbúnings rannsóknarefnis eða víðskipta fyrir reikning félagsins, aðila sem félagið stundar víðskipti fyrir eða sjóða í rekstri félagsins, skal það starfsfólk Landsbréfa sem hlut á að máli ekki taka víð eða þiggja neins konar ávinning, né bjóða eða gefa neinum aðila ávinning sem líklegt má teljast að stangist á víð skyldur starfsfólks víð víðskiptavini. Ef einhvers vafa gætir skal starfsfólk ráðfæra sig víð framkvæmdastjóra og eftir atvikum regluvörð.

Ávinningur er skilgreindur sem hvers konar ábati eða gróði eða víðskipti sem ætlað er að forðast eða minnka tap eða kostnað, reiðufé eða aðrar eignir og hvers konar fyrirgreiðsla, áætlun eða upplýsingar, sem telst ekki til hefðbundinna víðskiptahátta.

Ef framangreindar takmarkanir meina starfsfólki að taka beinan þátt í víðskiptum má víðkomandi ekki:

- 1) ráðleggja öðrum eða valda því að annar aðili (hvort sem um tengdan aðila er að ræða eður ei) taki þátt í slíkum víðskiptum og/eða

- 2) miðla upplýsingum eða álitum til annars aðila ef starfsfólk Landsbréfa veit, eða hefur ástæðu til að ætla, að viðkomandi muni í kjölfarið taka þátt í slíkum viðskiptum eða ráðleggja öðrum eða valda því að annar aðili geri slíkt.

Þetta á ekki við um aðgerðir sem starfsfólk stendur að fyrir hönd viðskiptavina sem telst eðlilegur hluti af starfi fyrir Landsbréf.

Þó framangreindar takmarkanir leggi bann við því að starfsfólk stundi viðskipti með fjármálagerninga, kemur það ekki í veg fyrir að viðkomandi geti í góðri trú ráðlagt viðskiptavini að stunda slík viðskipti, að því tilskildu að viðskiptavinurinn tengist viðkomandi starfsfólki ekki persónulega eða fjárhagslega.

Gildistaka

9. gr.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Landsbréfa þann 23. september 2024, með vísan til 10., 21. og 28. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga og 15. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 19. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, öðlast gildi þegar í stað. Reglurnar skulu endurskoðaðar eftir því sem þörf er á, þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, formaður stjórnar